



## Efni: Staða mála hjá umboðsmanni skuldara 1. ágúst 2019



### Fjöldi umsókna í janúar - júlí



## Embætti umboðsmanns skuldara


Hjá embætti umboðsmanns skuldara störfuðu 16 starfsmenn í 15 stöðugildum í júlí, að auki var einn starfsmaður í fæðingarorlofi.

## Greiðsluaðlögun einstaklinga

Umboðsmanni skuldara hafa nú borist 7.846 umsóknir um greiðsluaðlögun einstaklinga frá stofnun embættisins. Á bak við hverja umsókn getur verið annars vegar einstaklingur og hins vegar sambýlisfólk/hjón og eru því fleiri einstaklingar sem sótt hafa um greiðsluaðlögun einstaklinga en fjöldi umsókna segir til um. Í júlí bárust 35 umsóknir um greiðsluaðlögun.

### Umsóknir

Alls voru 186 umsóknir um greiðsluaðlögun í vinnslu innan embættisins þann 1. ágúst, þar sem verið var að taka afstöðu til þess hvort samþykkja eigi umsókn eða ekki. Í júlí voru sex umsóknir samþykktar og 11 var synjað.



### Umsjónarmenn


Þann 1. ágúst 2019 voru 24 mál hjá umsjónarmönnum. Ekkert mál var í vinnslu hjá umboðsmanni skuldara vegna ábendinga um að eitthvað hafi komið í ljós sem hindrað geti greiðsluaðlögun. 24 mál eru því í virkri vinnslu hjá fimm umsjónarmönnum.

Af þeim málum sem er lokið hjá umsjónarmönnum á árinu hefur náðst samningur í 43 málum. Þremur málum hefur lokið með nauðasamningi og engum nauðasamningi hefur verið synjað á árinu en alls hafa 70 nauðasamningar verið staðfestir og 22 verið synjað staðfestingu.

### Samningar

Þann 1. júlí höfðu 3.361 samningar komist á. Í 3.258 samningum er tímabili greiðsluaðlögunar lokið en 103 samningar eru nú virkir með tímabil greiðsluaðlögunar. Af þeim mun tímabili 29 samninga ljúka á árinu 2019, 53 á árinu 2020 en tímabili 21 samninga mun ljúka síðar. Í júlí komust á þrír samningar.

Í þeim 40 samningum sem hafa tekið gildi árið 2019 er meðaleftirgjöf samningskrafna 69% og eru þeir að meðaltali til 15,3 mánaða. 11 samningar á þessu ári hefa ekkert tímabil greiðsluáðlögunar og samið var um 100% eftirgjöf við gildistöku samnings. Meðaleftirgjöf samningskrafna í öllum samningum er 84%. Þá hefur 29,2% allra samninga ekkert tímabil greiðsluáðlögunar og samið var um 100% eftirgjöf samningskrafna við gildistöku samnings. Að meðaltali eru allir samningar um greiðsluáðlögun til 14,6 mánaða.



## Kærum

721 kæra hefur borist kærunefnd/úrskurðarnefnd greiðsluáðlögunarmála vegna synjunar eða afturköllunar á heimild til greiðsluáðlögunarumleitana, ein tilkynning um kæru barst í júlí. Vinnslu er lokið í 716 málum. Í 38 tilvikum var mál tekið upp að nýju hjá umboðsmanni skuldara. Í 88 tilvikum var fallið frá kæru eða kærunefnd vísaði kæru frá. Í 501 máli hefur kærunefnd staðfest ákvörðun UMS og í 89 málum hefur ákvörðun verið felld úr gildi. Fimm kærum eru í vinnslu.

## Breytingarmál

695 beiðnir eða kröfur um breytingu á samningi hafa borist umboðsmanni skuldara, ýmist frá skuldara eða kröfuhafa. Tvær beiðnir um breytingu bárust í júlí. Breyting hefur verið samþykkt í 461 máli og synjað í 107 málum. Í júlí var engin beiðni samþykkt og engri beiðni var synjað, engin beiðni var afturkölluð, ein beiðni um breytingu er í vinnslu.

## Málalok


622 umsóknir hafa borist um afmáningu veðréttinda í kjölfar greiðsluáðlögunar en í flestum samningum er kveðið á um eftirgjöf í kjölfar afmáningar. Sýslumaður hefur samþykkt afmáningu í 320 umsóknir og synjað afmáningu í 53 umsóknum. 97 umsóknir hafa verið felldar niður. 152 umsækjendur hafa afturkallað beiðni um afmáningu. Engin umsókn er í vinnslu og engin umsókn bíður afgreiðslu sýslumanns.

217 umsóknir hafa borist um aðstoð við endurskipulagningu skulda við lok greiðsluáðlögunar, þar sem ekki hefur samist um 100% eftirgjöf samningskrafna. Öllum málum er lokið. Úrræðinu hefur verið breytt og eru beiðnir um endurskipulagningu teknar inn í ráðgjöf.

## Ráðgjöf

Frá árinu 2010 hefur umboðsmanni skuldara borist 7.941 umsóknir um ráðgjöf, þar sem leitað er vægari úrræða en greiðsluáðlögunar. Eftir að gert er greiðsluferfiðleikamat fyrir umsækjanda er leiða leitað fyrir umsækjanda að draga tímabundið úr mánaðarlegri greiðslubyrði til að ná framtíðar jafnvægi á milli tekna og skulda. Ef vægari úrræði duga ekki er mælt með öðrum úrræðum.

Nú eru 89 ráðgjafarmál til vinnslu hjá embættinu. 54 umsóknir bárust í júlí. Vinnslu 38 ráðgjafarmála var lokið í mánuðinum.



## Erindi

Eitt hlutverk umboðsmanns skuldara er að gæta hagsmuna skuldara þegar við á og taka við erindum og ábendingum skuldara um ágalla á lánastarfsemi og senda áfram til viðeigandi eftirlitsstjórnvalds.


Frá 1. ágúst 2010 hefur umboðsmanni skuldara borist 3.890 erindi, þar af voru fjögur erindi stofnuð í júlí.

## Fjárhagsaðstoð vegna skiptakostnaðar

1621 umsóknir hafa borist um fjárhagsaðstoð vegna skiptakostnaðar. Í júlí bárust 13 umsóknir.

Í júlí voru 11 ákvarðanir teknar um fjárhagsaðstoð vegna skiptakostnaðar, þar sem fjórar umsóknir voru samþykktar, þremur var synjað og fjórar umsóknir felldar niður.

Alls hafa 509 umsóknir verið samþykktar og 589 synjað. Ein beiðni um greiðslu til dómstóla barst í júlí vegna skiptakostnaðar. Ekki hefur verið óskað eftir greiðslu vegna 64 samþykktra umsókna.



15 synjanir hafa verið kærðar til Velferðarráðuneytis. Í fjórum málum hefur UMS tekið mál aftur til vinnslu áður en niðurstaða kæru lá fyrir og í tveimur málum var fallið frá kæru. Í sjö málum hefur ákvörðun verið staðfest og í tveimur málum hefur ákvörðun UMS verið felld úr gildi. Engin kæra er í vinnslu.

## Fræðsla og kynning